



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Endurskoðun nr.: 4

Dags.: 20. nóvember 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **AMALIE ELIXIR SYNTHETIC 5W-20**

1.2. Tilgreind notkun Vélarolía.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-FLOKKUN Ekki flokkað.

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki Ekki hættumerkingarskylt.
Viðvörðunarorð Á ekki við.
Hættusetningar (CLP) Engar hættusetningar.
Varnaðarsetningar (CLP) Engar varnaðarsetningar.

2.3. Aðrar hættur
PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda
Innihaldsefni Inniheldur engin efni að styrk sem skylt er að tilgreina.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft og látið hvílast.
Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Til öryggis, fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni.

Eftir snertingu við húð Farið úr óhreinkuðum fötum og skóm. Þvoið húðina með sápu og vatni.
Þvoið fatnað fyrir næstu notkun.

Eftir inntöku Skolið munninn með vatni. Drekkið a.m.k. hálfan lítra af vatni.
Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Engin gögn.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlið einkenni.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

Óviðeigandi Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Myndefni við bruna Skaðlegar lofttegundir verða til við bruna, s.s. kolefnisoxíð og fleiri eitruð, ertandi og mengandi efni.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Tryggið næga loftræstingu. Varist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólki frá.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll. Í tilviki meiriháttar leka, gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Afmarkið og safnið upp með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndri móttökustöð í samræmi við gildandi lög og reglur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Forðist losun út í umhverfið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun Forðist mengun jarðvegs og losun í holræsi, fráveitukerfi og vatnshlot.
Ráðstafanir Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Takið ekki inn.

Stöðurafmagn

Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun.

Umbúðir

Stöðurafmagn getur hlaðist upp og skapað hættulegar aðstæður við meðhöndlun efnisins. Til að lágmarka þessa hættu, getur verið nauðsynlegt að jarðtengja og spennujafna. Þó getur verið að það dugi ekki til eitt og sér. Yfirfarið allar aðgerðir sem geta mögulega valdið og hlaðið upp stöðurafmagni og/eða eldfimar aðstæður. Umbúðir eru ekki hannaðar til að þola þrýsting. Ekki tæma umbúðir með þrýstingi, þær geta sprungið með miklum látum. Tómar umbúðir innihalda efnaleifar og geta verið hættulegar. Ekki pressa, skera, logsjóða eða bora. Haldið fjarri hita, eldi, neistum, stöðurafmagni og öðrum íkveikjugjöfum. Tæmið notaðar umbúðir, lokið og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í tryggilega luktum, upprunalegum umbúðum, á vel loftræstum stað. Geymið ekki við hitastig yfir stofuhita.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Vökvakerfisolía.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tilteknar aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Upplýsingar
Olíuúði	3 mg/m ³	3 mg/m ³	Svíþjóð

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

Til hlífðar augum

Notið öryggisglæraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166).

Til hlífðar húð	Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.
Til hlífðar höndum	Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374. Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út. Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítríl; 0,35mm; 240 mín.
Til hlífðar öndun	Notið öndunargrímu með síu (P2) við mikla þéttni.
Til verndar umhverfi	Gerði viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Engin gögn
Lykt	Vetniskolefni
pH-gildi	Á ekki við
Suðumark	Engin gögn
Blossamark	>165°C (lágmark)
Gufuþrýstingur	<0,01 mmHg við 37,8°C
Eðlisþyngd	0,86 kg/l
Leysni	Óleysanlegt í vatni
Eðlisseigja	Engin gögn

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engar upplýsingar.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlagða notkun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engar upplýsingar.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Engar upplýsingar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxarar og sýrur.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Kolefnisoxíð og fleiri skaðleg og ertandi efni.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Augu	Ekki flokkað.
Húð	Ekki flokkað.
Innöndun	Ekki flokkað.
Húðnæming	Ekki flokkað.
Stökkbreytandi áhrif	Ekki flokkað.
Krabbameinsvaldandi áhrif	Ekki flokkað.
Sértæk eiturhrif	Ekki flokkað.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Ekki talið hættulegt vatnalífi.

12.2. Þrávirkni og niðurbrottanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Efnið eða innihaldsefni þess gætu safnast upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Ekki vatnsleysanlegt.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnaöryggismat hefur ekki farið fram fyrir efnið.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar	Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.
Úrgangskóði (EWC)	13 02 05 – Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu.
Förgun umbúða	Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar Engar hættusetningar.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.
ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.
DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.
IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.
PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.
PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.
REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.
TWA: Tímavegið meðaltal.
vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 20. nóvember 2015.
Endurskoðun nr. 4
Gert þann 8. apríl 2017.
Þýðing og uppsetning Reynir Hjálmarsson
Heimild Swelube AB, info@swelube.se